



Leikskóladeildir Þingeyjarskóla

Starfsáætlun 2025-2026

Nanna Marteinsdóttir, leikskólastjóri
Ágúst 2025

Efnisyfirlit

Inngangur	2
Skipurit Þingeyjarskóla.....	2
Áætlaður nemendafjöldi og stöðugildi:	2
Starfsmenn Barnaborgar	3
Starfsmenn Krílabæjar:.....	3
Verkefnastjórar.....	3
Stundakennarar úr grunnskólanum.....	3
Nemendur	4
Leikskóladagatal 2025-2026.....	4
Opnunartími leikskóladeilda	4
Samstarf við grunnskóla.....	5
Nýjungar, skólaþróun og innra mat	5
Viðburðir og upplýsingar.....	5
Uppbrotisdagar	6
Samstarf við foreldra	6


Inngangur

Hér að neðan er gerð grein fyrir helstu markmiðum og áætlunum fyrir starfið í leikskóladeildum Þingeyjarskóla starfsárið 2025-2026. Má þar nefna nemendafjölda, starfsmannahald, helstu markmið og verkefni í starfinu, opnunartíma og fjölda opnunardaga,

Leikskóladeildir Þingeyjarskóla eru á tveimur stöðum. Barnaborg er til húsa í syðri enda Þingeyjarskóla í Aðaldal með matsal sameiginlegan grunnskólanum. Krílabær er á Laugum í Reykjadal. Barnaborg er skipt upp í eldri barna svæði og yngri barna svæði. Tekið er fram ef áætlanir hér að neðan eiga einungis við um aðra starfsstöðina.

Þingeyjarskóli er samrekin leik- og grunnskóli með tónlistardeild. Starfsárið 2025-2026 mynda Jóhann Rúnar Pálsson grunnskólastjóri og Nanna Marteinsdóttir leikskólastjóri skólustjórn Þingeyjarskóla.

Skipurit Þingeyjarskóla



Áætlaður nemendafjöldi og stöðugildi:

	Nemendur alls:	Stöðugildi alls:	Stöðugildi vegna stuðnings og sérkennslu	Stöðugildi við almenna kennslu og umönnun (þ.m.t. áætluð stundakennsla og afleysingar)	Mötuneyti og þvottur	Ræsting	Hlutfall stjórnunar
Krílabær	6	3,2	0	2,0	0,5	0,41	0,3
Barnaborg	23	9,2	2,05	5,4	0,65	0,4	0,7

Starfsmenn Barnaborgar

Starfsmaður	Starfsheiti	stöðuhlutfall
Anna Kristín Ketilsdóttir	Starfsmaður með stuðning á eldri barna svæði	100%
Arndís Sara Sæþórsdóttir	Ræstitæknir	40%
Ásta Margrét Rögnvaldsdóttir	Leiðbeinandi á yngri barna svæði með 40% verkefnastjórn	80%
Emma Ýr Kristjónudóttir	Starfsmaður á eldri barna svæði	100%
Hildur Rós Ragnarsdóttir	Kennari á yngri barna svæði	100%
Karen Ósk Kristjánsdóttir	Verkefnastjóri á eldri barna svæði	88%
Kristrún Ýr Óskarsdóttir	Umsjón listasmiðu og starfsmaður á eldri barna svæði	15%
Markéta Drápalová	Starfsmaður í móttökueldhúsi og á yngri barna svæði	100%
Sylwia Maryzewska	Starfsmaður með stuðning á yngri barna svæði	100%
Þorgerður Sigurgeirsdóttir	Starfsmaður á eldri barna svæði	100%

Starfsmenn Krílabæjar:

Starfsmaður	Starfsheiti	stöðuhlutfall
Andzrej Florek	Ræstitæknir Krílabæjar	41%
Erla Ingileif Harðardóttir	Verkefnastjóri í Krílabæ	80%
Laufey Björg Kristjánsdóttir	Starfsmaður í Krílabæ	62,5%
Þórhildur Gunnarsdóttir	Matráður Krílabæjar	50%
Guðrún Karen Sigurðardóttir	Starfsmaður í afleysingum	
Elísabet Þráinsdóttir	Starfsmaður í afleysingum	

Þegar þetta er ritað er ekki búið að fullmanna Krílabæ en unnið að því að semja við 3 einstaklinga um að skipta með sér vöktum í Krílabæ milli kl. 14:00 og 16:00.

Nanna Marteinsdóttir leikskólastjóri er í 100% starfi. Áætlað er að starfskraftar hennar skiptist um 70% á Barnaborg og 30% á Krílabæ. Slíkt er þó einungis áætlun enda stjórnunarþörf deildanna mismunandi eftir því hvaða viðfangsefni koma upp hverju sinni.

Verkefnastjórar

Verkefnastjórar í leikskóladeildunum hafa hver sinn barnahóp til umsjónar. Nemendahópur Krílabæjar myndar 1 hóp og nemendum Barnaborgar verður skipt á tvö svæði leikskólans eftir aldri líkt og undanfarin ár. Einn verkefnastjóri verður á hvoru svæði. Verkefnastjórar starfsársins 2025-2026 munu sinna hluta af verkefnum sem deildarstjóri í leikskóla sinnir samkvæmt starfslýsingu kjarasamnings leikskólakennara. Má þar nefna: dagleg samskipti við foreldra, undirbúning foreldraviðtala og skipulag starfsins kringum barnahópin. Í samvinnu við leikskólastjóra og annað starfsfólk skulu verkefnastjórar tryggja að sérhvert barn á deildinni fái kennslu, leiðsögn og umönnun eftir þörfum. Leikskólastjóri sinnir öðrum þáttum deildarstjórarstarfsins, svo sem að skipuleggja undirbúningstíma kennara, halda deildarafundi, skipuleggja sérkennslu og tryggja að hver deild sé búin nauðsynlegum uppeldis- og kennslugögnum.

Stundakennarar úr grunnskólanum

Frá september fram í miðjan maí er gert ráð fyrir að Pétur Ingólfsson verði með tónlistartíma einu sinni í viku í Krílabæ og fyrir elstu 3 árganga Barnaborgar í tónlistarstofu Þingeyjarskóla. Valgerður Jósefsdóttir sinnir íþróttakennslu einu sinni í viku fyrir eldri nemendur leikskóladeildanna og Heiða Guðmundsdóttir textílmenntakennari og sérfræðingur í jákvæðum aga mun kenna elstu tveimur árgöngum Barnaborgar tvo tíma í viku. Hulda Svanbergisdóttir mun sinna sérkennslu í Barnaborg 3x30 mínútur á viku. Áætlað er að stundakennslan muni jafngilda um 60% stöðuhlutfalli.

Nemendur

Í ágúst 2025 er gert ráð fyrir 6 nemendum í Krílabæ og 23 í Barnaborg

Krílabær:		
Nemendur	stúlkur	drengir
Árg 2020	2	0
Árg 2021	0	1
Árg 2022	1	0
Árg 2023	1	0
Árg 2024	0	1
Nemendur samtals		
6		

Barnaborg:		
Nemendur	stúlkur	drengir
Árg 2020	1	3
Árg 2021	3	2
Árg 2022	1	4
Árg 2023	1	5
Árg 2024	1	2
Nemendur samtals		
23		

Öll börnin í Krílabæ eiga íslensku sem móðurmál. Í Barnaborg eru 3 nemendur tvítyngdir.

Leikskóladagatal 2025-2026

Starfsár leikskóladeildanna hófst með sameiginlegum starfsdögum 11. og 12. ágúst. Nemendur deildanna mættu miðvikudaginn 13. ágúst. Dagatalið er aðgengilegt á heimasíðu skólans.

<https://www.thingeyjarskoli.is/static/files/leikskoladeildir/dagskipulag-leikskoladeilda-haust-2025.pdf>

Opnunardagar eru áætlaðir 213 talsins, þar af 5 skráningardagar. Snemmlökanir kl. 15:00 eru 8 samtals. Starfsdagar eru áætlaðir 5, þar af 2 í upphafi starfsárs. Jólafrí nemenda er samtals 13 dagar og páskafrí 10 dagar. Um jóla og páska er lokað samtals 6 virka daga vegna betri vinnutíma (sem áður var talað um sem styttingu vinnuvikunnar) og 2. janúar 2026 verður starfsdagur.

Samband íslenskra sveitarfélaga

Leikskóladagatal 2025 - 2026

Nafn leikskóla: Leikskóladeildir Þingeyjarskóla

ÁGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NOVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRÍL	MAÍ	JÚNÍ	JÚLÍ
1 F sumari	1 M	1 M leikskóla 13.00	1 L	1 M leikskóla 13.00	1 M leikskóla 13.00	1 S	1 S	1 M leikskóla 13.00	1 F leikskóla 13.00	1 M	1 M
2 L	2 Þ	2 F	2 S	2 Þ	2 F leikskóla 13.00	2 M	2 M	2 F leikskóla 13.00	2 L	2 Þ	2 F
3 S	3 M	3 F	3 M	3 M leikskóla 13.00	3 L	3 Þ	3 Þ	3 F leikskóla 13.00	3 S	3 M leikskóla 13.00	3 F
4 M leikskóla 13.00	4 F	4 L	4 Þ	4 F	4 S	4 M leikskóla 13.00	4 M leikskóla 13.00	4 L	4 M leikskóla 13.00	4 F	4 L
5 Þ sumari	5 F	5 S	5 M leikskóla 13.00	5 F	5 M	5 F	5 F	5 S	5 Þ leikskóla 13.00	5 Þ	5 S
6 M sumari	6 L	6 M	6 F leikskóla 13.00	6 L	6 Þ leikskóla 13.00	6 F leikskóla 13.00	6 F	6 M leikskóla 13.00	6 M	6 L	6 M sumari
7 F sumari	7 S	7 Þ	7 F leikskóla 13.00	7 S	7 M	7 L leikskóla 13.00	7 L	7 Þ	7 F	7 S leikskóla 13.00	7 Þ sumari
8 M sumari	8 M leikskóla 13.00	8 M	8 L leikskóla 13.00	8 M	8 F	8 S	8 S	8 M leikskóla 13.00	8 F	8 M	8 M sumari
9 L	9 Þ	9 F	9 S	9 Þ	9 F	9 M	9 M	9 F	9 L	9 Þ	9 F sumari
10 S	10 M	10 F	10 M	10 M	10 L	10 Þ	10 Þ	10 S	10 S	10 M	10 F sumari
11 M leikskóla 13.00	11 F	11 L leikskóla 13.00	11 Þ	11 F	11 S	11 M leikskóla 13.00	11 M	11 L	11 M	11 F	11 L sumari
12 Þ leikskóla 13.00	12 F	12 S	12 M	12 F	12 M	12 F	12 F	12 S	12 Þ	12 S	12 S sumari
13 M leikskóla 13.00	13 L	13 M	13 F	13 L	13 Þ	13 F	13 F	13 M	13 M	13 L	13 M sumari
14 F	14 S	14 Þ	14 F	14 S	14 M	14 L	14 L leikskóla 13.00	14 Þ	14 F leikskóla 13.00	14 S	14 M sumari
15 F	15 M leikskóla 13.00	15 M	15 L	15 M	15 F	15 S	15 S	15 M	15 F	15 M	15 M sumari
16 L	16 Þ leikskóla 13.00	16 F	16 S leikskóla 13.00	16 Þ	16 F	16 M leikskóla 13.00	16 M	16 F	16 L	16 Þ	16 F sumari
17 S	17 M	17 F	17 M	17 M	17 L	17 Þ leikskóla 13.00	17 Þ	17 F	17 S	17 M leikskóla 13.00	17 M sumari
18 M	18 F	18 L	18 Þ	18 F	18 S	18 M leikskóla 13.00	18 M	18 L	18 M	18 F	18 L sumari
19 Þ	19 M	19 S	19 M	19 F	19 M	19 F leikskóla 13.00	19 F	19 S	19 Þ	19 S	19 S sumari
20 M	20 L	20 M	20 F leikskóla 13.00	20 L	20 Þ	20 F leikskóla 13.00	20 F	20 M	20 M	20 L	20 M sumari
21 F	21 S	21 Þ	21 F	21 S	21 M	21 L	21 L	21 Þ	21 F	21 S	21 Þ sumari
22 F	22 M	22 F	22 L	22 M	22 F	22 S leikskóla 13.00	22 S	22 M	22 F	22 M	22 M sumari
23 L	23 Þ	23 F	23 S	23 Þ leikskóla 13.00	23 F leikskóla 13.00	23 M	23 M	23 F leikskóla 13.00	23 L	23 Þ	23 F sumari
24 S	24 M	24 F	24 M	24 M	24 L	24 Þ	24 Þ	24 F	24 S leikskóla 13.00	24 M	24 M sumari
25 M	25 F	25 L leikskóla 13.00	25 Þ	25 F	25 S	25 M	25 M	25 L	25 M leikskóla 13.00	25 F	25 L sumari
26 Þ	26 M leikskóla 13.00	26 S	26 M	26 F	26 M	26 F	26 F	26 S	26 Þ	26 S	26 S sumari
27 M	27 L	27 M	27 L	27 S	27 Þ	27 F	27 F	27 M	27 M	27 L	27 M sumari
28 F	28 S	28 Þ	28 F	28 S	28 M	28 L	28 L	28 Þ	28 F	28 S	28 Þ sumari
29 F	29 M	29 M	29 L	29 M	29 F	29 S leikskóla 13.00	29 S	29 M	29 F	29 M	29 M sumari
30 L	30 Þ	30 F	30 S	30 Þ	30 F	30 M leikskóla 13.00	30 M	30 F	30 L	30 Þ	30 F sumari
31 S		31 F		31 M	31 L		31 Þ	31 S	31 S		31 F sumari

Opnunartími leikskóladeilda

Barnaborg verður opin frá kl. 7:45-16:15 alla virka daga. Síðastliðið starfsár var enginn nemandi Krílabæjar með vistun fyrir kl. 8 eða fram yfir kl. 16 á daginn. Mjög treglega hefur gengið að fullmanna Krílabæ frá kl. 8:00 til kl. 16:00 haustið 2025. Í ljósi þessa telur leikskólastjóri varla raunhæft markmið að Krílabær verði opin lengur en 8:00-16:00 alla virka daga starfsárið 2025-2026.

Dagskipulagið er sveigjanlegt og opið til að gefa sjálfsprottnum leik barnanna vægi og svigrúm.

Dagskipulag leikskóladeilda Þingeyjarskóla haust 2025

	mánudagur	þriðjudagur	miðvikudagur	fimmtudagur	föstudagur
-	Móttaka og frjáls tími	Móttaka og frjáls tími	Móttaka og frjáls tími	Móttaka og frjáls tími	Móttaka og frjáls tími
8:25					
8:30	Morgunmatur	Morgunmatur	Morgunmatur	Morgunmatur	Morgunmatur
9:00	Samverustund	Samverustund	Samverustund	Samverustund:	Samverustund
	Leikur og sköpun Lóuhópur í myndmennt til <u>Kittu</u>	Leikur og sköpun Krummar og lóur: Íþróttir í <u>Ydolum</u>	Leikur og sköpun Íþróttir í sal Krílabæjar	Leikur og sköpun	Leikur og sköpun
Ca 10:10	Útivera/leikur inni	Útivera/leikur inni	Útivera/leikur inni	Útivera/leikur inni	Útivera/leikur inni
Ca 11:15	Samverustund	Samverustund	Samverustund	Samverustund	Samverustund
11:30	Hádegismatur	Hádegismatur	Hádegismatur	Hádegismatur	Hádegismatur
12:10- 12:40	Hvöld	Hvöld 12:30: elsti árg í íþróttir með 1.-2. bekk	Hvöld	Hvöld	Hvöld
12:40	Útivera Krummahópur í myndmennt til <u>Kittu</u>	Útivera	Útivera Heiðutímar: uglur og krummar	Útivera Tónlist hjá Pétri: uglur, krummar og lóur	Útivera
14:30	Nónhressing	Nónhressing	Nónhressing	Nónhressing Tónlist með Pétri í Krílabæ	Nónhressing
14:50	Samverustund	Samverustund	Samverustund	Samverustund	Samverustund
- fram að lokun	Útivera/leikur inni	Útivera/leikur inni	Útivera/leikur inni	Útivera/leikur inni	Útivera/leikur inni

Samstarf við grunnskóla

Áætlað er að börn í elsta árgangi leikskólans fari í íþróttatíma á þriðjudögum kl. 12:30 með 1.-2. bekk. Íþróttatímarnir verða í Ydolum og hefjast um miðjan september. Þegar líður á veturinn lengist tíminn sem elstu börnin eyða í grunnskólanum. Í nóvember hefjast heimsóknir í heimastofu með 1. bekk að loknum íþróttum og þaðan fara börnin í frístund. Í samráði við foreldra verður skoðað hvort hægt verði að bjóða nemendum úr Krílabæ heimastur með skólabil á þriðjudögum.

Í júní 2026 eru fyrirhugaðir sundtímar fyrir 2 elstu árganga leikskólans í samstarfi við Valgerði Jósefsdóttur íþróttakennara.

Nýjungar, skólapróun og innra mat

Í ágúst 2025 verður að nokkru leyti endurskipulagt hvernig Krílabær nýtir húsnæði sitt. Stefnt er að meira samstarfi við Bókasafn Reykdæla um notkun á sal hússins.

Yfirmatráður Þingeyjarskóla, Örn Logi Hákonarson mun sjá um gerð matseðils fyrir allar deildir Þingeyjarskóla og innkaup fyrir mótuneytin. Í samræmi við gæðahandbók skólamötuneytis Þingeyjarskóla verður listasmiðja barnanna færð úr eldhúsi Krílabæjar, ásamt efni og áhöldum sem ekki eru ætluð til meðhöndlunar matvæla. Líkt og áður munu börnin borða í eldhúsi Krílabæjar og vinnusvæði matráðar vandlega sótthreinsað áður en matreiðsla hefst að morgni dags.

Í september verður stofnuð nefnd kennara og starfsfólks úr báðum deildum til að sameina og uppfæra skólanámskrá í takt við nýjustu endurskoðun Aðalnámskrár leikskóla. Jafnframt þarf að sameina innra mats áætlun leikskóladeildanna og efla reglulega vinnu starfsfólks allt starfsárið við matið. Stefnt er að því að samræður og ígrundun um starfið, gátlistar ýmiskonar og skráningar kennara myndi grunninn að innra mati og skólapróun leikskóladeildanna.

Viðburðir og upplýsingar

Á heimasíðu skólans www.thingeyjarskoli.is má finna grundvallarupplýsingar um skólastarfið. Til viðbótar hafa leikskólaforeldrar og starfsfólk aðgang að *Karellen appi* og vefsvæði þar sem nánari upplýsingar um skólagöngu hvers leikskólabarns er að finna. Þ.m.t. ljósmyndir úr starfinu, matseðil og nákvæmara leikskóladagatal með öllum uppbrotsdögum og viðburðum. Starfsfólk leikskólanna getur sent foreldrum skilaboð í gegnum *Karellen*.

Á heimasíðu skólans má finna rýmingaráætlanir, áætlun um móttöku barns af erlendum uppruna, handbók foreldra og fleira: <https://www.thingeyjarskoli.is/is/deildir/leikskoladeildir/namskra-og-aaetlanir>

Stefnt er á að nota *Padlet* appið fyrir allt starfsfólk leikskólans, deila *google calender* og nýta *google chat* fyrir samskipti um daglega starfið. Þannig er stefnt að því að auka samkennd í starfsmannahópnum og minnka einangrun starfsfólks Krílabæjar. Jafnframt verða sameiginlegir starfsmannahittingar deildanna sem og með starfsfólki grunnskólans.

Uppbrotisdagar

10. september verður gulur dagur, þar sem við hvetjum alla til að mæta í gulu og leggja þannig áherslu á mikilvægi geðheilsu og þess að vera góð hvert við annað.

25. september verður foreldrafundur leikskóladeilda kl. 20:00 í Þingeyjarskóla.

Í október verður bleikur dagur.

Í nóvember verða ömmu- og afakaffi, 13. nóv í Krílabæ og 20. nóv í Barnaborg.

Í byrjun desember skipuleggur foreldrafélag Barnaborgar samveru leikskólabarna, foreldra og starfsfólks. Í Krílabæ verður aðstandendum boðið í jólaföndur með börnunum. Litlu-jól Krílabæjar verða 16. desember og Barnaborgar þann 18. desember.

5.-8. janúar kemur Jón Pétur danskennari og kennir í báðum deildum frá mánudegi til fimmtudags, 5.-8. Á fyrsta degi dansviku hvetjum við alla sem vilja til að mæta í sparifötunum.

18. febrúar, öskudag verður búninga- og náttfatadagur.

Í mars verðum við með öfugsnúinn furðusokkadag. Í anda *Emmu öfugsnúnu* hvetjum við þann dag alla til að mæta í fötunum á röngunni og ósamstæðum skrautlegum sokkum. Þannig minnum við á að við erum öll einstök og skrautleg. Jafnframt er þetta skemmtileg tilraun fyrir starfsfólk og börn til að fara aðeins út fyrir hinn daglega þægindaramma.

Í apríl velja börnin og æfa lög til að syngja fyrir foreldra í foreldrakaffi.

Í maí stefnum við á sameiginlega sveitaferð.

Í júní verður grilldagur við Þingeyjarskóla, skipulagður í samvinnu við foreldrafélag Barnaborgar og foreldra Krílabæjar.

Samstarf við foreldra

Gott og mikið samstarf við foreldra er ein af grunnstöðum leikskólastarfsins. Áhersla verður lögð á gott upplýsingaflæði til foreldra í gegnum Karellen, með vikulegum tölvupóstum verkefnastjóra og í daglegum samskiptum starfsfólks við foreldra í forstofum leikskóladeildanna.

Leikskólastjóri og verkefnastjórar munu bjóða foreldrum allra barnanna í viðtal á haustönn og aftur á vorönn. Foreldrar fá aðgang að skráningarblöðum til að velja sem hentugastan tíma fyrir viðtal. Jafnframt er boðið upp á teams viðtöl ef foreldrar kjósa það frekar. Viðtöl haustannar verða í október og vorannar í mars og apríl. Jafnframt er alltaf hægt að senda leikskólanum línu og óska eftir stuttu spjalli við leikskólastjóra og/eða verkefnastjóra. Við hvetjum foreldra til að ræða við okkur um það sem þeim brennur á hjarta, frekar en bíða eftir skipulögðu foreldraviðtali annarinnar.